

Suðurlandsbraut 72-74 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Lögð fram fyrirspurn Hjálpræðishersins, ásamt bréfi, dags. 28. september 2023, um bílastæði á malarplani við enda Suðurlandsbrautar. Óskað er eftir 30-50 nýjum bílastæðum fyrir starfsemi Hjálpræðishersins á Íslandi á malarplan norðan megin Suðurlandsbrautar að Langholtsveg. Lagðar voru fram ljósmyndir.

**Skipulag í gildi**

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er Suðurlandsbraut 72-74 á svæði skilgreint sem Sogamýri, miðsvæði. Í gildi er deiliskipulag fyrir Sogamýri samþykkt í Borgaráði dags. 16 mars 1999 með síðari breytingum.

Umsögn

Óskað var eftir afnotaleyfi af borgarlandi sl. haust samanber texta:

“Sótt er um afnot af borgarlandi til afmörkunar tímabundinna bílastæða í norðurkanti Suðurlandsbrautar móts við Suðurlandsbraut 68-70. Umsóknin tengist því að uppbyggingu er lokið á Suðurlandsbraut 72-74 (Hjálpræðisherinn); sú uppbygging á að deila bílastæðum með lóð Suðurlandsbrautar 76, en þar eru framkvæmdir ekki hafnar. Fjöldi bílastæða innan lóðar Suðurlandsbrautar 72-74 rúmar því ekki þann fjölda sem gert var ráð fyrir við útgáfu deiliskipulags og síðar byggingarleyfis. Bílastæðin verða tekin úr notkun í síðasta lagi þegar framkvæmdir hefjast á svæðinu í tengslum við 1. áfanga Borgarlínu.“

18 október 2023 var gefið út afnotaleyfi vegna tímabundins og takmarkað leyfi til afnota af borgarlandi, sjá mynd hér til hliðar úr afnotaleyfinu. Í afnotaleyfinu er svo meðal annars hljóðandi “ Veitt er leyfi fyrir afnotum af borgarlandi til að gera tímabundinn bílastæði við norðurkant Suðurlandsbrautar 72-74.“

Ekki hefur borið á ökutækjum sem er lagt með ólöglegum hætti eftir að umrædd stæði voru útbúin.



Niðurstaða

Búið er að afgreiða afnotaleyfi á borgarlandi vegna bílastæða á lóð samanber umsögn.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri